

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Valcyte 50 mg/ml mixtúruduft, lausn valgancíklóvír

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Valcyte og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Valcyte
3. Hvernig nota á Valcyte
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Valcyte
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Valcyte og við hverju það er notað

Valcyte tilheyrir flokki lyfja sem verka beint til varnar því að veirur fjölgi sér.

Í líkamanum breytist virka efnið í duftinu, valgancíklóvír, í gancíklóvír.

Gancíklóvír kemur í veg fyrir að veira sem nefnist cytómegalóveira (CMV) fjölgi sér og ráðist inn í heilbrigðar frumur.

Hjá sjúklingum með veikt ónæmiskerfi getur CMV valdið sýkingu í líffærum líkamans.

Slíkt getur verið lífshættulegt.

Valcyte er notað:

- til meðferðar við CMV-sýkingum í sjónu augans hjá fullorðnum sjúklingum með alnæmi (AIDS). CMV-sýking í sjónu augans getur valdið sjóntruflunum og jafnvel blindu.
- til þess að koma í veg fyrir CMV-sýkingar hjá fullorðnum og börnum sem eru ekki sýktir af CMV en hafa fengið líffæraígræðslu úr einstaklingi sem var með CMV-sýkingu.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Valcyte

##### Ekki má nota Valcyte

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir valgancíklóvíri, gancíklóvíri eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með barn á brjósti.

##### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Valcyte er notað:

- ef þú ert með ofnæmi fyrir acíklóvíri, pencíklóvíri, valacíklóvíri eða famcíklóvíri. Það eru önnur lyf til meðferðar við veirusýkingum.

### **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Valcyte**

- ef um er að ræða fækkun hvítra blóðkorna, rauðra blóðkorna eða blóðflagna (litlar frumur sem taka þátt í blóðstorknun) í blóðinu. Læknirinn tekur blóðsýni áður en taka Valcyte hefst og fleiri sýni verða tekin meðan á töku lyfsins stendur.
- ef geislameðferð á sér stað.
- ef um nýrnasjúkdóm er að ræða. Verið getur að læknirinn þurfi að ávísa minni skammti og gera oft blóðrannsóknir meðan á meðferð stendur.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Valcyte**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Ef verið er að taka önnur lyf samhliða töku Valcyte getur samsetningin haft áhrif á það magn lyfs sem kemst inn í blóðrás eða valdið skaðlegum áhrifum. Látið lækninn vita ef verið er að taka lyf sem innihalda eitthvert eftirfarandi efna:

- imípenem-cílastatín (sýklalyf). Ef það er tekið með Valcyte getur það valdið krömpum (flogum)
- zídónúdínn, dídanósín, lamívúdínn, stavúdínn, tenofovír, abacavír, emtricitabín eða svípuð lyf til meðferðar við alnæmi
- adefóvír eða einhver önnur lyf til meðferðar við lifrabólgu B
- próbenecíð (lyf við þvagsýrugigt). Ef próbenecíð og Valcyte er tekið samhliða getur magn gancíklóvírs í blóði aukist
- mýkófénolat mófetíll, ciklósporín eða tacrolímus (notuð eftir ígræðslur)
- vinkristín, vinblastín, doxórúbicín, hýdroxýúrea eða lík lyf til meðferðar við krabbameini
- trímétóprím, trímétóprím/súlfa samsetningar og dapsón (sýklalyf)
- pentamídín (lyf til að meðhöndla snýkjudyf eða lungnasýkingar)
- flúcýtósín eða amfótericín B (sveppalyf)

### **Notkun Valcyte með mat eða drykk**

Valcyte á að taka með mat. Ef ekki er hægt að neyta matar af einhverjum ástæðum, á samt að taka skammtinn af Valcyte eins og venjulega.

### **Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi**

Ekki á að taka Valcyte á meðgöngu nema samkvæmt læknisráði. Ef þú ert þunguð eða hefur áform um að verða þunguð, verðurðu að láta lækninn vita. Ef Valcyte er tekið á meðgöngu getur það haft skaðleg áhrif á fóstrið.

Ekki má taka Valcyte meðan á brjóstgjöf stendur. Ef læknirinn vill hefja meðferð með Valcyte, verður að stöðva brjóstgjöf áður en taka lyfsins hefst.

Konur á barneignaraldri verða að nota örugga getnaðarvörn þegar þær taka Valcyte og í a.m.k. 30 daga eftir að meðferðinni lýkur.

Karlar eiga að nota verjur meðan þeir eru að taka Valcyte og halda því áfram í 90 daga eftir að meðferð lýkur ef rekkjunautar þeirra eru á barneignaraldri.

### **Akstur og notkun véla**

Ef sundl, þreyta, skjálfti eða rugl gera vart við sig meðan á töku lyfsins stendur á ekki að stunda akstur eða stjórna vélbúnaði.

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

### **Valcyte inniheldur natríumbensóat og natríum (salt)**

Lyfið inniheldur 100 mg af natríumbensóati í hverju 12 g glasi, sem jafngildir 1 mg/ml eftir blöndun. Bensóat getur aukið á gulu (gulnun húðar og augna) nýbura (allt að 4 vikna).

Lyfið inniheldur alls 0,188 mg/ml af natríum, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust. Ef þú ert á saltskertu fæði skal taka tillit til þess.

### 3. Hvernig nota á Valcyte

Notið lyfið alltaf eins og lækurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig á að nota lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Sýna verður aðgæslu þegar Valcyte lausn er meðhöndluð. Forðast á að lausnin komist á húð eða í augu. Ef lausnin fer óvart á húð á að þvo svæðið vandlega með sápu og vatni. Ef lausn fer óvart í augu á að skola augun vandlega með vatni.

**Þú verður að halda þig við dagsskammt mixtúruleausnarinnar eins og lækurinn hefur gefið leiðbeiningar um til að koma í veg fyrir ofskömmun.**

Valcyte mixtúru á alltaf þegar hægt er að taka með mat - sjá 2. kafla.

**Áríðandi er að nota sprautuna sem fylgir með í pakkanum til að mæla skammtinn af Valcyte lausn. Ekki á að nota þessar sprautur til að gefa nein önnur lyf.** Tvær sprautur fylgja ef önnur skyldi glatast eða skemmast. Hver sprauta er gerð til þess að mæla allt að 10 ml (500 mg) magn af Valcyte, í 0,5 ml (25 mg) þrepum. 1 ml af Valcyte lausn samsvarar 50 mg af valgancíklóvíri.

Þvoið sprautuna alltaf vandlega og látið hana þorna eftir að skammturinn hefur verið tekinn.

Hafðu samband við lækinn eða lyfjafræðing ef báðar sprauturnar glatast eða skemmast og hjá þeim færðu ráð um hvernig á að halda áfram að taka lyfið.

#### **Fullorðnir**

##### **Til varnar gegn CMV-sjúkdómi hjá ígræðslusjúklingum**

Hefja á töku lyfsins innan 10 daga frá ígræðslu. Venjulegur skammtur er 900 mg af Valcyte lausn EINU sinni á dag. Nota á sprautuna sem fylgir til að taka tvo 9 ml (450 mg) skammta af lausn (þ.e. 2 sprautur fylltar að 9 ml (450 mg) strikinu). Halda á áfram með þennan skammt í allt að 100 daga eftir ígræðsluna. Ef þú hefur fengið nýrnaígræðslu gæti lækurinn ráðlagt að haldið verði áfram að taka lyfið í 200 daga.

##### **Meðferð við CMV-sjónubólgu hjá alnæmissjúklingum (nefnist upphafsmeðferð)**

Venjulegur skammtur er 900 mg af Valcyte lausn TVISVAR á dag í 21 dag (þrjár vikur).

Nota á sprautuna sem fylgir og fylla hana tvisvar með 9 ml (450 mg) af lausn (þ.e. 2 sprautur fylltar að 9 ml (450 mg) strikinu) að morgni og tvisvar með 9 ml (450 mg) af lausn (þ.e. 2 sprautur fylltar að 9 ml (450 mg) strikinu) að kvöldi.

Ekki á að taka þennan skammt lengur en í 21 dag nema lækurinn mæli fyrir um það þar sem það getur aukið hættu á hugsanlegum aukaverkunum.

##### **Langtímameðferð til að koma í veg fyrir að virk bólga komi fram aftur hjá alnæmissjúklingum með CMV-sjónubólgu (nefnist viðhaldsmeðferð)**

Venjulegur skammtur er 900 mg af Valcyte lausn EINU sinni á dag. Nota á sprautuna sem fylgir og fylla hana tvisvar með 9 ml (450 mg) af lausn (þ.e. 2 sprautur fylltar að 9 ml (450 mg) strikinu).

Helst á að taka lausnina á sama tíma dag hvern. Lækurinn segir til um hve lengi á að halda áfram að taka Valcyte. Ef sjónubólgan versnar meðan þessi skammtur er notaður, getur verið að lækurinn mæli fyrir um endurtekningu á upphafsmeðferðinni (sjá framfarar) eða ákveði að gefa annað lyf til meðferðar á CMV-sýkingu.

##### **Aldraðir sjúklingar**

Notkun Valcyte hjá öldruðum sjúklingum hefur ekki verið rannsökuð.

## Sjúklingar með nýrnasjúkdóma

Ef nýrun starfa ekki eðlilega getur verið að læknirinn gefi leiðbeiningar um minni skammt af Valcyte lausn á dag. **Mjög áriðandi** er að fara að skammtafyrirmælum læknisins.

## Sjúklingar með lifrarsjúkdóma

Notkun Valcyte hjá sjúklingum með lifrarsjúkdóma hefur ekki verið rannsökuð.

## Notkun handa börnum og unglungum

### Fyrirbyggjandi meðferð gegn CMV-sjúkdómi hjá líffæraþegum


Börn ættu að byrja að taka lyfið innan 10 daga frá líffæraígræðslunni. Skammtar eru breytilegir eftir stærð barnsins og á að taka þá EINU SINNI á dag. Læknirinn mun ákveða hentugustu skammtastærð út frá hæð, þyngd og nýrnastarfsemi barnsins. Halda á áfram að taka sama skammt í allt að 100 daga. Ef barnið hefur fengið nýrnaígræðslu gæti læknirinn ákveðið að haldið verði áfram að taka lyfið í 200 daga.

Nota á sprauturnar sem fylgja með í pakkanum til að mæla skammtinn af Valcyte lausn.

### Aðferð og íkomuleið

Mælt er með því að lyfjafraeðingur blandi Valcyte lausn áður en hún er afgreidd.

Þegar búið er að blanda lausnina skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum til að draga upp og taka lyfið:



1. Hristið lokað glasið vel í u.þ.b. 5 sekúndur fyrir hverja notkun.
2. Takið barnaöryggislokið af.
3. Áður en oddur sprautunnar er settur í millistykkið á glasinu á að ýta stimplinum niður að oddinum.  
Setjið oddinn ákveðið í millistykkið á glasinu.
4. Hvolfið öllu saman (glasinu og sprautunni).
5. Dragið stimpilinn hægt upp þar til það magn sem nota á er í sprautunni (sjá skýringarmynd).
6. Hvolfið allri einingunni aftur og takið sprautuna hægt úr glasinu.
7. Setjið beint í munninn og kyngið. Blandið ekki við aðra vökva fyrir notkun.

8. Lokið glasinu með barnaöryggislokinu eftir hverja notkun.
9. Strax eftir gjöf:  
Takið sprautuna í sundur, hreinsið undir rennandi vatni og þurrkið fyrir næstu notkun.

Þess skal gætt að lausnin komist ekki í snertingu við húðina. Gerist það á að þvo vel með sápu og vatni.

Notið ekki lausnina eftir fyrningardagsetningu sem er 49 dögum eftir blöndun.

### **Ef stærri skammtur af Valcyte en mælt er fyrir um er tekinn**

Hafið tafarlaust samband við lækinn eða sjúkrahús ef tekið hefur verið meira af Valcyte lausn en vera ber eða haldið er að svo sé. Ef tekið er meira en ráðlagður skammtur getur það valdið alvarlegum aukaverkunum, sem hafa einkum áhrif á blóð og nýru. Þörf getur verið á sjúkrahúsmæðferð.

### **Ef gleymist að taka Valcyte**

Ef skammtur af Valcyte gleymist á að taka hann eins fljótt og munað er eftir og taka á næsta skammt á venjulegum tíma. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

### **Ef hætt er að taka Valcyte**

Ekki má stöðva töku lyfsins nema að læknisráði.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Ofnæmisviðbrögð**

Allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum geta fengið skyndileg og alvarleg ofnæmisviðbrögð við valgancíklóvíri (ofnæmislost). **HÆTTU** að taka Valcyte og farðu strax á bráðamóttöku næsta sjúkrahúss ef eitthvað af þessu kemur fram:

- upphleypt húðútbrot með kláða (ofsakláði)
- skyndileg bólga í hálsi, andliti, vörum og munnni sem getur valdið því að erfitt er að kyngja eða anda
- skyndileg bólga í höndum, fótum eða ökklum

### **Alvarlegar aukaverkanir**

Láttu lækinn vita tafarlaust ef vart verður við einhverjar eftirtalinnar alvarlegra aukaverkana – lækinn gæti ákveðið að þú þurfir að hætta að nota Valcyte og þú gætir þurft á bráðri lækniástoð að halda:

**Mjög algengar:** geta komið fram hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- lítill fjöldi hvítra blóðkorna – með sýkingareinkennum svo sem hálsbólgu, munnsárum eða hita
- lítill fjöldi rauðra blóðkorna – meðal einkenna eru mæði eða þreytutilfinning, hjartsláttarónot eða fól húð

**Algengar:** geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- blóðsýking (sepsis) – meðal einkenna eru hiti, kuldahrollur, hjartsláttarónot, rugl og þvoglumæli
- lítill fjöldi blóðflagna – meðal einkenna eru blæðingar og mar af minna tilefni en venjulega, blóð í þvagi eða hægðum eða blæðing úr tannholdi, blæðingar geta verið alvarlegar
- alvarlega lítill fjöldi blóðfrumna
- brisbólga – einkenni eru alvarlegur kviðverkur sem leiðir út í bak
- krampaköst

**Sjaldgæfar:** geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum

- bilun í framleiðslu blóðfrumna í beinmerg
- ofskynjanir – að heyra eða sjá eitthvað sem ekki er raunverulegt
- óeðlilegar hugsanir eða tilfinningar, tap á veruleikaskyni
- nýrnabilun

Aukaverkarnir sem hafa komið fyrir meðan á meðferð með valgancíklóvír eða gancíklóvír stendur er lýst hér á eftir:

### **Aðrar aukaverkanir**

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita ef vart verður við einhverjar eftirtalinna aukaverkana:

**Mjög algengar:** geta komið fram hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- hvítsveppasýking og hvítsveppasýking í munni
- sýking í efri hluta öndunarveggar (t.d. skútabólga, bólgur hálskirtlar)
- lystarleysi
- höfuðverkur
- hósti
- mæðtilfinning
- niðurgangur
- ógleði eða uppköst
- kviðverkur
- exem
- þreytutilfinning
- hiti.

**Algengar:** geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- influensa
- þvagfærasýking – meðal einkenna eru hiti, tíðari þvaglát en venjulega, verkur við þvaglát
- sýking í og undir húð
- væg ofnæmisviðbrögð – meðal einkenna getur verið húðroði með kláða
- þyngdartap
- þunglyndis-, kvíða- eða rugltilfinning
- svefnvandamál
- máttleysi eða tilfinningaleysi í höndum eða fótum, sem getur haft áhrif á jafnvægi
- breytingar á snertiskyni, náladofi, stingir eða sviðatilfinning
- breytingar á bragðskyni
- kuldaþrollur
- bólga í auga (tárubólga), augnverkur eða sjónvandamál
- eyrnaverkur
- lágur blóðþrýstingur, sem getur valdið sundli eða yfirliðstilfinningu
- kyngingarvandamál
- hægðatregða, vindgangur, meltingartruflanir, magaverkur, uppþembdur kviður
- munnsár
- óeðlilegar niðurstöður lifrar- eða nýrnaprófa
- nætursviti
- kláði, útbrot
- hárlos
- bakverkur, vöðvaverkir eða liðverkir, vöðvakippir
- sundl, máttleysi eða almenn vanlíðan

**Sjaldgæfar:** geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum

- æsingur

- skjálfti, titringur
- heyrnarleysi
- óreglulegur hjartsláttur
- ofsakláði, húðþurrkur
- blóð í þvagi
- ófrjósemi hjá körlum – sjá kaflann „Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi“
- brjóstverkur

Aðeins hefur verið tilkynnt um að innri himna augans losni frá (sjónhimnan losnar) hjá alnæmissjúklingum sem voru meðhöndlaðir með Valcyte við CMV-sýkingu.

### **Aðrar aukaverkanir sem geta komið fyrir hjá börnum og unglíngum**

Aukaverkanir sem tilkynnt hefur verið um hjá börnum og unglíngum eru svipaðar þeim aukaverkunum sem tilkynnt hefur verið um hjá fullorðnum.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Valcyte**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota duftið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og merkimiða glassins (Fyrnist). Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Mixtúrduft: Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður.

Blönduð lausn: Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Geymslutími fyrir lausn til inntöku er 49 dagar. Notið ekki eftir 49 daga frá blöndun eða eftir fyrningardagsetningu sem lyfjafræðingurinn skráir á glasið eftir blöndun.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Valcyte inniheldur**

Virka innihaldsefnið er vangancíklóvírhýdróklóríð. Eftir að Valcyte duftið hefur verið leyst upp inniheldur 1 ml af lausn 55 mg af valgancíklóvírhýdróklóríði sem jafngildir 50 mg af valgancíklóvíri sem hýdróklóríð.

Önnur innihaldsefni (hjálparefni) eru: póvídón, fúmarínsýra, natríum benzóat (E211), natríum sakkharín og mannítól, túttí-frúttí bragðefni [maltódestrín (maís), própýlen glýkól, arabískt gúmmí E414 og eftirlíkingar af náttúrulegum bragðefnum, aðallega banana, ananas og ferskjubragð].

## Lýsing á útliti Valcyte og pakkingastærðir

Valcyte duft er kyrni sem er hvítt eða gulleitt að lit. Hvert glerglas inniheldur 12 g af dufti. Eftir blöndun verður rúmmálið 100 ml af lausn sem gefur 88 ml af nothæftri lausn. Lausnin er tær og litlaus eða brúnleit. Í öskjunni er líka eitt millistykki á glasið og 2 sprautur sem eru kvarðaðar upp í 10 ml (500 mg), með 0,5 ml (25 mg) kvarðabilum.

Pakkingastærð: eitt glas sem inniheldur 12 g af mixtúrudufti.

## Markaðsleyfishafi og framleiðandi

### Markaðsleyfishafi

CHEPLAPHARM Arzneimittel GmbH  
Ziegelhof 24  
17489 Greifswald  
Þýskaland

### Framleiðandi

CHEPLAPHARM Arzneimittel GmbH  
Ziegelhof 23 - 24  
17489 Greifswald  
Þýskaland

Prestige Promotion Verkaufsförderung & Werbeservice GmbH  
Lindigstrasse 6  
63801 Kleinostheim  
Þýskaland

Prestige Promotion Verkaufsförderung & Werbeservice GmbH  
Borsigstrasse 2  
63755 Alzenau  
Þýskaland

## Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins og í Bretlandi (Norður-Írland) undir eftirfarandi heitum:

**Valcyte:** Austurríki, Belgía, Króatía, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Finnland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ísland, Írland, Ítalía, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Holland, Noregur, Pólland, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Bretland (Norður-Írland)

**ROValcyte:** Frakkland, Portúgal

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í nóvember 2023.

## Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, <http://www.serlyfjaskra.is>



Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:

Mælt er með því að lyfjafræðingur blandi Valcyte mixtúru samkvæmt eftirfarandi:

1. Mælið 91 ml af vatni í sívalt kvarðað ílát.
2. Takið barnaöryggislokið af, bætið vatninu í glasið, lokið því síðan með barnaöryggislokinu. Hristið lokað glasið þar til duftið er uppleyst og myndast hefur tær, litlaus eða brún lausn.
3. Takið barnaöryggislokið af og þrýstið millistykkinu ofan í hálsinn á glasinu.
4. Lokið glasinu vel með barnaöryggislokinu. Það tryggir að millistykkið á glasinu sitji rétt í glasinu og að öryggis barna sé gætt.
5. Skrifðið fyrningardagsetningu blandaðrar lausnarinnar á merkimiða glassins.

Ráðlagt er að nota einnota hanska við blöndun lyfsins og þegar strokið er af ytra byrði glassins og tappans og vinnuborði eftir blöndun.

Forðist innöndun og beina snertingu á duftinu við húð og slímhimnur og beina snertingu við lausnina. Ef lausnin kemst í snertingu við húð á að skola svæðið vandlega með sápu og vatni, augu á að skola með venjulegu vatni.